

**Starfsleyfi fyrir
fiskeldisstöð
Stolt Sea Farm Iceland hf.,
kt. 610911-0480
Vitabraut 7, Reykjanesi.**

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Stolt Sea Farm [...]¹ Iceland hf., kt. 610911-0480, til reksturs fiskeldisstöðvar að Vitabraut 7, Reykjanesi. Stolt Sea Farm [...]² Iceland hf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri stöðvarinnar getur hann sótt um það til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 2000 tonn á ári af senegalflúru og [gullinrafa. Um innflutning og dreifingu lifandi framandi lífvera þarf sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd]³. Þá er heimilt að dæla sjóvatni upp úr borholum við stöðina til nota við eldið og blanda við það affallsvatni frá Reykjanessvirkjun til nota við eldið.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Beste tilgjengelige teknikker for fiskeoppdrett i Norden 2005-528” skýrslu Norræna ráðherraráðsins, en samantektin „Besta aðgengilega tækni (BAT) við fiskeldi á Norðurlöndum 2008-548“ er íslenskur útdráttur úr skýrslunni.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

1.4 Breytingar á rekstri

¹ Breytt 2021 textinn „Holding“ tekinn út.

² Breytt 2021 textinn „Holding“ tekinn út.

³ Breytt 2021 textinn „senegalflúru til manneldis. Leyfið gildir til eldis á seiðum og áframeldis“ felldur út.

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður e ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnun, búnaði, tækjum, rekstrarsvæði, olúgeymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og efnun í samræmi við fyrirfram gerðaáætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun eldisfisksins sbr. ákvæði greinar 4.5, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri stöðvarinnar. Tilkynna skal eftirlitsaðila strax um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að fiskeldisstöðin hafi verið tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

[Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Einnig er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018]⁴. Endurskoðun starfsleyfis getur einnig komið til vegna meiri mengunar en gert var ráð fyrir sbr. grein 1.7.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

1.7 Breyttar forsendur

Ef

- i. mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins,
- ii. fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir,
- iii. breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni,
- iv. eða niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki sbr. 28. gr. laga nr. 36/2011, um stjórn vatnamála,

skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er í samráði við Umhverfisstofnun og ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlats. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og þegar við á, samkvæmt 28. gr. laga nr. 36/2011.

Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

1.8 Valdsvið, [viðurlög]⁵ og þvingunarúrræði

[Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða

⁴ Breytt 2021

⁵ Breytt 2021

Starfsleyfi fyrir Stolt Sea Farm Iceland hf.

fyrirmælum eftirlitsaðila getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilega fresti til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi til bráðabirgða eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarlegt tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.]⁶

1.9 Upplýsingaréttur almennings

[Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við ákvæði í kafla 6. gr. og VI. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.8. og 4.8 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.]⁷

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

FÓÐURGJÖF

2.1 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt (t.d. með framleiðslustýringarkerfi) þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki og heilbrigði fisksins sé tryggt.

VATNSGÆÐI OG LÍFRÍKI

2.2 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur til fiskeldis. Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er.

2.3 Efnalosun

Losun fosfórs í frárennsli má ekki fara yfir 20,0 kg/tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

2.4 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Leiða skal frárennsli frá eldinu í röri í bunustokk Reykjanesvirkjunar og með stokknum út í sjó. Þetta gildir ekki um frárennsli frá starfsmannaaðstöðu sem meðhöndla skal skv. gr. 2.6. Þannig skal gengið frá mannvirkjum við útrás frárennslisins eftir því sem aðstæður leyfa, að straumar og/eða dýpi dreifi fljótt og vel úr frárennslinu. Verði vart uppsöfnunar mengandi efna frá eldinu í nágrenni við útrásina skal rekstraraðili tilkynna Umhverfisstofnun það þegar í stað og skal farið með málið skv. gr. 1.7.

⁶ Breytt 2021. Uppfærsla eftir auglýsingu.

⁷ Breytt 2021.

Starfsleyfi fyrir Stolt Sea Farm Iceland hf.

Starfsemi rekstraraðila má ekki valda því að við enda útrásar, þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka, finnist:

- Set eða útfellingar
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir)
- Olía eða froða
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi

2.5 Lífríki og flokkun vatns

[Starfsemin losar í viðtaka sem er vatnshlotið 104-1383-C.]⁸ Fiskeldi má ekki valda fækkun tegunda í lífríki, sbr. þó gr. 2.7. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Skilgreina skal svæði sem viðkvæmt vatnasvæði ef ástand vatns fer hrakandi vegna manlegrar starfsemi og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999. Eigi þetta viðskali meta hvort endurskoða skuli starfsleyfið, sbr. greinar 1.6 og 1.7.

2.6 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

2.7 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. [Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.]⁹

ÚRGANGUR

2.8 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en því er veitt í bunustokk. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 2.9 um lífrænan úrgang.

2.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

2.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

⁸ Breyting 2021. Uppfærsla eftir auglýsingu.

⁹ Breyting 2021.

Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

ANNÆÐ

2.11 Öryggisblöð og efnanotkun

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)[, sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur]¹⁰. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Leitast skal við að skipta út efnum sem hafa skaðleg áhrif á menn og umhverfi fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunun skv. gr. 4.4.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 4.4.,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- teikningar af frárennsli,
- niðurstöður mælinga,
- losun næringarefna,
- tæmingu olíugildra.

3.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður því er veitt í bunustokk Reykjanesvirkjunar. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

3.3 Sýnataka úr frárennsli og losun næringarefna

Rekstraraðili skal á þriggja ára fresti taka sýni úr frárennsli, [...] ¹¹. Mæla skal svifagnir og TOC (eða COD). Fylgjast skal með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis með því að reikna hana út frá innihaldi fóðurs og uppöku næringarefna í eldinu. Umhverfisstofnun getur einnig farið fram á mælingar á heildarfosfór og heildarköfnunarefni.

¹⁰ Breyting 2021. Uppfærsla eftir auglýsingu.

¹¹ Breyting 2021. Tekið út „í fyrsta skipti á öðru starfsári stöðvarinnar“

3.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinuskulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla. Þá skulu koma framþær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 2.5.

3.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega, skv. ákvæðum reglugerðar, til Umhverfisstofnunar umhverfisupplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti sbr. gr. 3.4 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.¹²

4. EFTIRLIT STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMÁKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum stöðvarinnar, m.a. með góðum starfsaðferðum við föðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismákið og starfa samkvæmt þeim.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. [Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.]¹³

4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera

¹² Breyting 2021. Uppfærsla eftir auglýsingu.

¹³ Breyting 2021. Uppfærsla eftir auglýsingu.

aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

[Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.]¹⁴

4.5 Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri. [...] ¹⁵

4.6 Tilkynning vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4. [Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um mengunaróhöpp.]¹⁶

4.7 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.

4.8 Eftirlit

[Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslu um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsvæði Umhverfisstofnunar á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.8 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.]

4.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

¹⁴ Breyting 2021. Uppfærsla eftir auglýsingu.

¹⁵ Breyting 2021. Tekið út „Rekstraraðili skal leggja fram drög að neyðaráætlun fyrir 1. desember 2012.“

¹⁶ Breyting 2021. Uppfærsla eftir auglýsingu.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. [...] ¹⁷ Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Umhverfisstofnun getur farið fram á að greindur sé hlutur frárennslis frá eldinu í heildarfrárennslu úr bunustokknum. Taka skal mið af almennum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og útfæra þær í samræmi við staðbundnar aðstæður.

Umhverfisstofnun er heimilt að samþykkja með samkomulagi við rekstraraðila að dregið sé úr skyldum varðandi umhverfisvöktun gegn því að hreinsun á fráveitu sé aukin.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni stöðvarinnar samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

[Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.] ¹⁸

¹⁷ Breytt 2021. Tekið út „Rekstraraðili skal leggja fram drög að vöktunaráætlun fyrir 1. febrúar 2013.“

¹⁸ Breytt 2021

7. **GILDISTAKA**

[Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila]¹⁹ og gildir til 1. júlí 2024.

[Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.]²⁰

Reykjavík, [23. júní 2021.]²¹
Umhverfisstofnun

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

¹⁹ Breytt 2021

²⁰ Breytt 2021

²¹ Leyfið var upphaflega gefið út 22. júní 2012.

Fylgiskjal

Greinargerð vegna vinnslu á breytingu starfsleyfi Stolt Sea Farm Iceland hf, Reykjanesbæ.

1. Almennt

Stolt Sea Farm Iceland hf. (610911-0480), Vitabraut 7, Reykjanesbæ sótti um breytingu á starfsleyfi.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfi, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þar sem bætt var inn eldistegundinni gullinrafa, á tímabilinu 21. maí til og með 21. júní 2021. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 21. maí sl. ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send rekstraraðila, til sveitarfélagsins Reykjanesbæjar, heilbrigðiseftirlits Suðurlands og á aðra hagsmunaaðila sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Unnið var í samráði við Matvælastofnun að samræmingu vegna auglýsingar á tillögum vegna starfsleyfis og rekstrarleyfis. Tillögur að báðum leyfum voru auglýstar samtímis á vefsíðum stofnananna.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun tók ákvörðun þann 12. maí 2021 um að breytingin hefði ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun veitti umsögn í ferlinu og gerir ekki athugasemd við niðurstöðu Skipulagsstofnunar.

3. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar á auglýsingatíma.

4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Gerðar hafa verið breytingar á greinum 1.4 og 1.5 frá auglýstri tillögu til að styrkja og skýra ákvæði þeirra greina. Einnig hafa verið gerðar aðrar breytinga sem tilgreindar eru í hornklofa í leyfi merktar „uppfærsla“.

5. Aðrar leyfisveitingar

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Unnið var að samræmingu starfsleyfis og rekstrarleyfis hjá stofnununum.

Rekstraraðili þarf einnig að hafa nýtingarleyfi Orkustofnunar fyrir vatnstöku samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu.

6. Gildistaka

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi fyrir rekstraraðila. Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu sbr. 4. gr. b laga nr. 71/2008, um fiskeldi, sem afhendir það og birtir rekstraraðila.